

Erindisbréf eigna- og veitunefndar

1. gr.

Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir beint undir bæjarstjórn. Sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs starfar með nefndinni.

Eftirfarandi stofnanir og deildir starfa á verksviði nefndarinnar:

B- hluti:

- Selfossveitur bs
- vatnsveita Árborgar
- fráveita Árborgar

A-hluti:

- samgöngumál
- eignasjóður
- fasteignafélag Árborgar
- þjónustumiðstöð
- Leigubústaðir
- Fasteignir í eigu Svf. Árborgar, húseignarfélög og byggingarnefndir nema annað sé ákveðið.

2. gr.

Valdsvið nefndarinnar

Ákvarðanir eigna- og veitunefndar, sem hafa í för með sér fjárhagslegar skuldbindingar umfram fjárhagsáætlun, eru ekki bindandi fyrir sveitarfélagið fyrir en þær hafa hlotið staðfestingu bæjarstjórnar.

3. gr.

Skipan nefndarinnar

Í eigna- og veitunefnd eiga sæti fimm fulltrúar, sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Svf. Árborgar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar en á fyrsta fundi sínum kýs hún varaformann.

Auk kjörinna nefndarmanna og sviðsstjóra mannvirkja- og umhverfissviðs á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Einnig er heimilt að kalla til aðra starfsmenn mannvirkja- og umhverfissviðs þegar fjallað er um mál er viðkomandi starfsmaður hefur haft með að gera.

4. gr.

Hlutverk

Eigna- og veitunefnd sér um málefni veitna og eignadeildar þ.e. stjórn og málefni Selfossveitna, vatnsveitu og fráveitu ásamt nýframkvæmdum, rekstri og viðhaldi fasteigna og gatna, göngustíga og gatnalýsingar.

Eigna- og veitunefnd tekur yfir félög og nefndir sem halda utanum fasteignir og framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins nema kveðið sé á um annað í samþykktum þeirra.

Eigna- og veitunefnd starfar eftir þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru hverju sinni fyrir þessa málaflokka.

Helstu hlutverk nefndarinnar eru:

A-hluti sveitarsjóðs

- a) að fara með verklegar framkvæmdir á sviði umferðar- og samgöngumála.
- b) að semja framkvæmda- og fjárhagsáætlanir og leggja fyrir bæjarstjórn.
- c) að semja gjaldskrár og leggja fyrir bæjarstjórn.
- d) að samþykkja viðhaldsáætlanir um endurnýjun og viðhald á sviði gatnamála, göngustíga, reiðstíga og annara umferðarmannvirkja.
- e) að vera með umsjón og ábyrgð á götulýsingu í sveitarfélaginu.
- f) að ákveða þjónustustig árstíðabundinna þjónustupátta sem tilheyra eignadeild, framkvæmda- og tæknideild og veitum.
- g) að framfylgja lögum um eftirlit með leiksvæðum og leiktækjum á opnum svæðum.
- h) að annast rekstur fasteigna í eigu Svf. Árborgar, húseignarfélaga og byggingarnefnda nema annað sé ákveðið.
- i) að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þeim málaflokkum er snúa að valdsviði nefndarinnar nái fram að ganga.
- j) að hafa, í umboði bæjarstjórnar, eftirlit með undirbúningi verklegra framkvæmda á vegum sveitarfélagsins og fylgjast með framkvæmd verkanna í samráði við sviðsstjóra mannvirkja- og umhverfissviðs.
- k) að vinna önnur þau verkefni er bæjarstjórn felur nefndinni og falla að starfssviði hennar.

B-hluta fyrirtæki

- a) að fara í umboði bæjarstjórnar, með stjórn Selfossveitna skv. reglugerð um Selfossveitur nr. 504/1990, vantsveitu Árborgar og fráveitu Árborgar, sem eru B hluta fyrirtæki í eigu Svf. Árborgar.
- b) að semja framkvæmda- og fjárhagsáætlanir og leggja fyrir bæjarstjórn.
- c) að semja gjaldskrár og leggja fyrir bæjarstjórn.
- d) að ákveða framkvæmdir í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar og ákvæði sveitarstjórnarlaga.
- e) að vinna samkvæmt samþykktum markmiðum, reglugerðum og öðrum samþykktum um veitustarfsemi og verklegar framkvæmdir og gera tillögur um útfærslu þeirra til bæjarstjórnar.

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af lögum og reglugerðum á málavíði nefndarinnar, s.s. um orkumál, Selfossveitur, vatnsveitu- og fráveitumál.

5. gr.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í samþykktum um stjórn og fundarsköp Svf. Árborgar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Eigna- og veitunefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við sviðsstjóra mannvirkja- og umhverfissviðs.

Nefndin skal halda gerðabók fyrir fundargerðir. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Trúnaðarmál skal færa í sérstaka gerðabók, trúnaðarbók. Heimilt er að færa fundargerð nefndarinnar beint í tölvu, samanber samþykkt um stjórn og fundarsköp Svf. Árborgar. Sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs hefur umsjón með ritvinnslu fundargerðar og sér um að fundarmönnum sé sent afrit af fundargerð nefndarinnar.

Formaður sér um boðun funda í samráði við sviðsstjóra. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Nefndinni er heimilt að ákveða að fundir verði boðaðir með rafrænum hætti.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar samkvæmt ákvæðum samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti kjörinna nefndarmanna er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

6. gr.

Eftirfylgni

Formaður og aðrir fulltrúar eigna- og veitunefndar skulu snúa sér til sviðsstjóra mannvirkja- og umhverfissviðs með eftirfylgni staðfesta ákvarðana nefndarinnar. Þurfi frekari eftirfylgni við snúa fulltrúar sér til bæjarstjóra.

7. gr.

Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa í eigna- og veitunefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Svf. Árborgar, eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Hann skal láta formann eða deildarstjóra framkvæmda- og tæknideildar vita um forföll með góðum fyrirvara og boða staðgengil sinn.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns og sviðsstjóra mannvirkja- og umhverfissviðs a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni og eru atkvæðisbærir fundarmenn ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Svf. Árborgar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls eða lögum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna og áheyrnarfulltrúa gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga. Fundarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti.

8. gr.

Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Svf. Árborgar.

Með samþykkt erindisbréfs þessa eru felld úr gildi erindisbréf eigna- og veitunefndar, dags. 15. 05. 2019, samþykkt í bæjarstjórn Árborgar sama dag.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Árborgar og tekur gildi xxxxxxxxxxxx 2022

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, bæjarstjóri